



### Framlenging á verksamningi

Þann 15.9 fundaði undirritaður með Sigurði Óskarssyni hjá Kubbi um framlengingu á verksamningi Kubbs og Ísafjarðarbæjar.

Kubbur gerir þá kröfu að 3. mgr. 9. gr. framlengingarsamnings falli niður. Hún er svohljóðandi:

*3. mgr. 1.8. í verklýsingu samningsins breytist og skal eftirfarandi orðalag koma á eftir orðunum „límmiða skal gera í samráði við verkkaupa“: „Límmiða skal jafnframt setja á ílát fyrir heimilisúrgang og lífrænan úrgang. Nýir límmiðar skulu útbúnir á báðar/allar tegundir ílát og límdir á tunnur fyrir 1. október 2023.“*

Ákvæði 1.8 í verklýsingu verksamnings frá 2018 kveður á um að verktaki skuli útbúa límmiða á allar endurvinnslutunnu í sveitarfélaginu.

Úr verksamningi:

Verktaki útbýr vandaðan límmiða á allar endurvinnslutunnur í sveitarfélaginu sem er hugsaður til viðbótar við núverandi merkingu og kynnir pappír, plast og málma. Lágmarks texti er t.d. „pappír, plast og málmar“. Límmiða skal gera í samráði við verkkaupa.

Kubbur vill meina að í upphafi verksamnings hafi þetta ákvæði verið uppfyllt með álímingum af hendi þáverandi verktaka.

Gróflega áætlaður kostnaður við kaup á límmiðum og álímingu er 2.500.000 kr. ef miðað er við að límt verði á allar heimilistunnur í sveitarfélaginu.

Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga um um meðhöndlun úrgangs 55/2003 ber að merkja með samræmdum merkingum ílát fyrir ákveðnar úrgangstegundir:

*Við meðhöndlun úrgangs skal nota samræmdar merkingar fyrir a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundir: pappír og pappa, málma, plast, gler, lífúrgang, textíl og spilliefni, sbr. nánari ákvæði í reglugerð sem ráðherra er heimilt að setja, sbr. 43. gr.*

